

Hreppsefnd Langanesbyggðar kom saman til aukafundar mánudaginn 8. desember 2008 kl. 12:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Árni Davíð Haraldsson, Hilma Steinarsdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Jóhanna Helgadóttir í síma og Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

DAGSKRÁ:

Áskrift að hækkun stofnfjár í Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis.

Eftir nokkrar umræður var samþykkt að sveitarfélagið skrái sig fyrir kaupum á nýju stofnfé í Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis samkvæmt grunnrétti kr. 8.571.570,- að nafnverði, eða kr. 9.803.305,- að kaupverði. Jafnframt var samþykkt að taka málið til umfjöllunar að nýju í hreppsefnd eftir 8. desember, eða er fyrir liggja niðurstöður stofnfjárútbóðs til stofnfjáreigenda.

Samþykkt að veita oddvita, Siggeiri Stefánssyni, umboð til að árita áskriftarblað fyrir hönd Langanesbyggðar í samræmi við framanskráð auk þess sem sveitarstjóra er heimiluð lántaka vegna kaupa á nýju stofnfé í Sparisjóðnum gerist þess þörf.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.12:20.